



17. febrúar 2026

Fréttatilkynning: Afkoma Símans hf. á 4F 2025

Afkoma fjórða ársfjórðungs og ársins 2025

- Tekjur á fjórða ársfjórðungi (4F) 2025 námu 7.336 m.kr. samanborið við 7.431 m.kr. á sama tímabili 2024 og lækkuðu um 1,3%. Tekjur af fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu lækkuðu um 206 m.kr. eða 3,7% milli tímabila. Tekjur af auglýsingamiðlun námu 798 m.kr. samanborið við 821 m.kr. á sama tíma í fyrra sem samsvarar lækkun um 2,8%, en líta verður til þess að kosningar til Alþingis fóru fram á samanburðarfjórðungnum 2024.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 1.916 m.kr. á 4F 2025 og lækkaði um 155 m.kr. eða 7,5% frá sama tímabili fyrra árs. EBITDA hlutfallið er 26,1% á 4F 2025 en var 27,9% á sama tímabili 2024. Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 992 m.kr. á 4F 2025 samanborið við 944 m.kr. á sama tímabili 2024 og jókst þannig um 5,1%.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 238 m.kr. á 4F 2025 en námu 306 m.kr. á sama tímabili 2024. Fjármagnsgjöld námu 537 m.kr., fjármunatekjur voru 371 m.kr. og gengistap nam 72 m.kr.
- Hagnaður á 4F 2025 nam 620 m.kr. samanborið við 517 m.kr. hagnað á sama tímabili 2024. Hagnaður á hlut nam 0,26 kr. á fjórðungnum samanborið við 0,20 kr. á sama tímabili fyrra árs.
- Vaxtaberandi skuldir samstæðu að leiguskuldbindingum meðtöldum námu 19,5 ma.kr. í árslok 2025, en voru 17,2 ma.kr. í árslok 2024. Handbært fé í árslok 2025 nam 980 m.kr., en var 835 m.kr. í árslok 2024. Bókfært virði útlánasafns Símans Pay var 4,5 ma.kr. í árslok 2025. Hreinar vaxtaberandi skuldir / 12M EBITDA¹ í árslok 2025 var 1,88.
- Eiginfjárhlutfall Símans var 38,6% í árslok 2025 og eigið fé 17,1 ma.kr.

¹ 12M EBITDA 2025 er leiðrétt fyrir 461 m.kr. vegna dómsmála.



María Björk Einarsdóttir, forstjóri:

„Fjórðungurinn einkenndist af stöðugleika í rekstri eftir umrót á markaði. Því fylgdi bæði brottfall og kostnaður, en rekstrarhagnaður jókst engu að síður frá sama tíma 2024. Árangurinn má þakka áherslu á agaðan rekstur og kostnaðaraðhald, sem og vexti tekna frá nýrri tekjustraumum á borð við auglýsingar og fjártækni.

Traustur rekstur á umbrotatímum lýsir ágætlega árinu í heild, en afkoman er innan útgefins spábils og EBITDA í efri mörkum. Starfsfólk sýndi einstaka þrautseigju og útsjónarsemi við síbreytilegar aðstæður, og mikill kraftur var í sölu og vöruþróun.

Enski boltinn var áberandi í umræðunni framan af. Lögð var áhersla á að nálgast málið af yfirvegun frá upphafi með skýrri upplýsingagjöf og framúrskarandi þjónustu við viðskiptavinum. Á dögnum var samið við Sýn um heildsölu og dreifingu sjónvarpsefnis og er óvissa í málinu því úr sögunni. Samhliða var sett í sóknargír, en öflugar streymisþjónustur HBO Max og Hayu bættust í vöruframboðið auk þess sem framleiðsla vandaðs innlends efnis hefur aldrei verið meiri. Könnun Maskínu skilaði skýrri niðurstöðu um að Sjónvarp Símans Premium væri besta íslenska sjónvarpsveitan.

Uppbygging fjártækni hélt áfram af krafti. Útgefin fyrirtækjakort voru um 1.800 í árslok sem samsvarar fjölgun um 20% milli 3F og 4F. Skráðir notendur Noona voru yfir 160 þúsund í árslok og fjölgaði um 10% frá fyrra ári. Mikil tækifæri felast í að tengja saman stafræn vistkerfi Noona og Símans, en á næstu vikum verður vörulínan Noona Strax sett á markað. Varan er einstök á Íslandi og gerir smærri rekstraraðilum kleift að sækja sér fjarskipta- og fjártækniþjónustu í einu skrefi. Rík tækifæri felast í innleiðingu greiðslulausna í Noona, en á dögnum hóf félagið að bjóða rekstraraðilum að nýta sér færsluhirðingu frá Landsbankanum og Straum í gegnum lausnir Noona.

Árangur auglýsingamiðlunar er markverður, einkum ef horft er til brotthvarfs enska boltans í júní og þess að Alþingiskosningar fóru fram á 4F samanburðarárið 2024. Nóvember var stærsti mánuðurinn í heildarsölu auglýsinga frá upphafi hjá Símanum. Tekjur af pásuauglýsingum í sjónvarpi tvöfölduðust árið 2025 frá fyrra ári, þökk sé öflugri vöruþróun. Þá dregur fyrsta heila ár Billboard innan samstæðunnar fram ótvíræðan árangur yfirtökunnar. Yfir 100 nýjum auglýsingaskjálum var bætt við á biðskýli Strætó á árinu, þar sem Síminn og sveitarfélög njóta gagnkvæms ávinnings.

Á fjórðungnum var tilkynnt um fyrirhuguð kaup á Greiðslumiðlun Íslands, Opnum Kerfum og Öryggismiðstöð Íslands, með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Fyrirtækin eiga öll langa sögu, byggja á stafrænum grunni og hafa áunnið sér mikið traust hvert á sínu sviði. Markmiðið er að ná umtalsverðri samlegð, hámarka árangur hvers félags og greiða leið frekari vaxtar. Þessar breytingar eru fyrirhugaðar á tímamótaári, en Síminn fagnar 120 ára afmæli í haust. Afmælisárið verður þó fyrst og fremst nýtt til að minna á þann grunn sem ekki breytist, áratuga sögu af uppbyggingu og rekstri fjarskiptainnviða á Íslandi, sem einkennist af frumkvöðlastarfi, trausti og öryggi í rekstri. Þau gildi hafa sjaldan skipt meira máli en nú á tímum væringa í alþjóðamálum og aukinnar öryggisvitundar. Sérstaða Símans í 120 ára sögu fjarskiptareksturs á öruggum vestrænum innviðum er því ómetanleg.

Það er viðeigandi að næsti kafli í sögunni hefjist á þessum tímapunkti. Þannig er unnið að breyttu skipulagi samstæðunnar og færslu fjarskipta- og miðlareksturs í nýtt dótturfélag. Það er ánægjulegt að tilkynna að hið nýja móðurfélag mun bera heitið **Ásar**. Orðið vísar í stefnu félagsins um vel ígrundaðan og agaðan vöxt í fleiri áttir, en ávallt út frá skýrum miðpunkti sem grundvallast á traustri og öruggri stafrænni þjónustu við fólk og fyrirtæki.

Samandregið var nýliðið ár árangursríkt og tíðindamikið, en það er óhætt að fullyrða að árið 2026 hafi alla burði til að verða enn farsælla."



Helstu niðurstöður úr rekstri árið 2025

Rekstur

Heildartekjur árið 2025 námu 28.767 m.kr. samanborið við 27.832 m.kr. árið 2024, sem er 3,4% vöxtur milli ára. Tekjur af farsíma, gagnaflutningi og sjónvarpsþjónustu standa nánast í stað á milli ára.

Tekjur af farsíma námu 6.974 m.kr. og hækkuðu um 116 m.kr. eða 1,7% á milli ára. Tekjur af gagnaflutningi námu 8.246 m.kr. og lækkuðu um 31 m.kr. eða 0,4% á milli ára. Tekjur af sjónvarpsþjónustu námu 7.075 m.kr. og lækkuðu um 93 m.kr. eða 1,3% á milli ára. Tekjur af auglýsingamiðlun námu 2.574 m.kr. og hækkuðu um 505 m.kr. á milli ára. Munar þar mestu um tekjur Billboard sem námu 370 m.kr. á 1F 2025, en félagið varð hluti af samstæðu í byrjun 2F 2024. Tekjur af vörusölu námu 1.636 m.kr. og drógust saman um 98 m.kr. eða 5,7% á milli ára.

Tekjur af öðrum rekstri námu 2.262 m.kr. og hækkuðu um 536 m.kr. á milli ára sem skýrist aðallega af vaxandi tekjum af fjártækni.

Kostnaðarverð seldrar þjónustu nam 17.288 m.kr. og lækkaði um 40 m.kr. eða 0,2% frá árinu 2024. Rekstrarkostnaður nam 7.881 m.kr. og hækkaði um 252 m.kr. eða 3,3% frá árinu 2024.

EBITDA árið 2025, aðlöguð fyrir sektar- og skaðabótageiðslum, nam 7.421 m.kr. samanborið við 7.147 m.kr. árið 2024.

Rekstrarhagnaður (EBIT) árið 2025 án afskrifta óefnislegra eigna vegna kaupa á dótturfélögum (140 m.kr.) nemur 3.277 m.kr. sem er innan spábils félagsins fyrir árið 2025 en spábilið var 3.200 m.kr. til 3.600 m.kr. Aðlagð EBIT (aðlagð fyrir sektar- og skaðabótageiðslum) nam 3.598 m.kr. samanborið við 2.875 m.kr. árið 2024.

Hagnaður ársins 2025 nam 1.591 m.kr. samanborið við 1.381 m.kr. árið 2024.

Afskriftir félagsins árið 2025 námu 3.823 m.kr. samanborið við 4.272 m.kr. árið 2024 og lækka um 449 m.kr. á milli ára.

Rekstrarreikningur	2025	2024	Breyting	%
Sala	27.998	27.189	809	3,0%
Kostnaðarverð sölu	(17.288)	(17.328)	40	-0,2%
Framlegð	10.710	9.861	849	8,6%
Aðrar rekstrartekjur	769	643	126	19,6%
Rekstrarkostnaður	(7.881)	(7.629)	(252)	3,3%
Stjórnvaldssekt og skaðabætur	(461)	0	(461)	
Rekstrarhagnaður (EBIT)	3.137	2.875	262	9,1%
EBIT hlutfall	10,9%	10,3%	0,6%	5,6%
Fjármunatekjur	1.041	734	307	41,8%
Fjármagnsgjöld	(2.102)	(1.847)	(255)	13,8%
Hrein fjármagnsgjöld	(1.061)	(1.113)	52	-4,7%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	2.076	1.762	314	17,8%
Tekjuskattur	(485)	(381)	(104)	27,3%
Hagnaður	1.591	1.381	210	15,2%
Hagnaður á hlut	0,66	0,54	0,12	22,2%
EBITDA	6.960	7.147	(187)	-2,6%
EBITDA hlutfall	24,2%	25,7%	-1,5%	-5,8%
Aðlagð fyrir stjórnvaldssekt og skaðabótum				
Aðlagð EBITDA	7.421	7.147	274	3,8%
Aðlagð EBITDA hlutfall	25,8%	25,7%	0,1%	0,5%
Aðlagð EBIT	3.598	2.875	723	25,1%
Aðlagð EBIT hlutfall	12,5%	10,3%	2,2%	21,1%



Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar námu samtals 6.925 m.kr. árið 2025 samanborið við 7.204 m.kr. árið 2024. Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum árið 2025 námu 628 m.kr. til lækkunar.

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta var því 6.297 m.kr. árið 2025 samanborið við 6.960 m.kr. árið 2024. Eftir vexti og skatta nam handbært fé frá rekstri 5.031 m.kr. árið 2025 samanborið við 5.801 m.kr. árið 2024.

Árið 2025 keypti Síminn lánasafn sem hefur áhrif á fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar á því tímabili. Árið 2024 keypti Síminn Billboard sem hefur áhrif á sömu liði.

Sjóðstreymi	2025	2024
Rekstrarhagnaður	3.137	2.875
Afskriftir	3.823	4.272
Liðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi	(35)	57
Samtals rekstrarhreyfingar	6.925	7.204
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(628)	(244)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	6.297	6.960
Innborgaðir vextir	948	742
Greiddir vextir	(1.959)	(1.612)
Greiddir skattar	(255)	(289)
Handbært fé frá rekstri	5.031	5.801
Fjárfestingarhreyfingar	(4.208)	(9.622)
Fjármögnunarhreyfingar	(668)	2.851
Breytingar á handbæru fé	155	(970)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(10)	(5)
Handbært fé í byrjun árs	835	1.810
Handbært fé í lok árs	980	835

Efnahagsreikningur

Heildareignir félagsins námu 44.332 m.kr. í lok árs 2025 en voru 41.182 m.kr. í lok árs 2024.

Vaxtaberandi skuldir að leiguskuldbindingum meðtöldum voru 19.497 m.kr. í lok árs 2025 samanborið við 17.168 m.kr. í lok árs 2024. Handbært fé í lok árs 2025 nam 980 m.kr. samanborið við 835 m.kr. í lok árs 2024. Hreinar vaxtaberandi skuldir að teknu tilliti til útlána Símans Pay voru 13.968 m.kr. í lok árs 2025 samanborið við 13.021 m.kr. í árslok 2024.

Eigið fé félagsins nam 17.101 m.kr. í lok árs 2025 og eiginfjárhlutfall félagsins var 38,6%.

Efnahagsreikningur	31.12.2025	31.12.2024	Breyting	%
Rekstrarfjármunir	3.555	3.543	12	0%
Leigueignir	1.843	1.844	(1)	0%
Óefnislegar eignir	27.048	26.243	805	3%
Aðrar eignir	871	638	233	37%
Fastafjármunir	33.317	32.268	1.049	3%
Birgðir	1.550	1.339	211	16%
Viðskiptakröfur	2.538	2.503	35	1%
Útlán	4.204	3.204	1.000	31%
Aðrar skammtímakröfur	1.733	1.033	700	68%
Handbært fé	980	835	145	17%
Veltufjármunir	11.005	8.914	2.091	23%
Eignir samtals	44.322	41.182	3.140	8%
Eigið fé	17.101	18.116	(1.015)	-6%
Vaxtaberandi skuldir	13.127	12.733	394	3%
Leiguskuldbindingar	1.573	1.571	2	0%
Viðskiptaskuldir	734	0	734	
Tekjuskattsskuldbinding	629	686	(57)	-8%
Langtímaskuldir	16.063	14.990	1.073	7%
Vaxtaberandi skuldir	1.401	2.084	(683)	-33%
Viðskiptaskuldir	4.596	3.760	836	22%
Næsta árs afborganir	3.396	780	2.616	335%
Aðrar skammtímaskuldir	1.765	1.452	313	22%
Skammtímaskuldir	11.158	8.076	3.082	38%
Eigið fé og skuldir samtals	44.322	41.182	3.140	8%



Horfur fyrir árið 2026

Rekstur félagsins hefur verið stöðugur undanfarin ár og reiknað er með að svo verði áfram.

Afkomuspá félagsins fyrir árið 2026 er eftirfarandi:

- EBITDA verði á bilinu 6,8 til 7,2 ma.kr.
- EBIT verði á bilinu 3,2 til 3,6 ma.kr.²
- Fjárfestingar verði á bilinu 3,4 til 3,7 ma.kr.

Kynningarfundur 18. febrúar 2026

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta vegna uppgjorsins verður haldinn miðvikudaginn 18. febrúar 2026 kl. 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 25, Reykjavík. Hluthafar, fjárfestar og markaðsaðilar eru sérstaklega boðnir velkomnir á fundinn. Á fundinum munu María Björk Einarsdóttir forstjóri og Hjörtur Þór Steindórsson fjármálastjóri kynna uppgjör félagsins og svara fyrirspurnum.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast í fréttakerfi Nasdaq Iceland og á heimasíðu Símans <https://www.siminn.is/fjarfestar/uppgjor-og-arsskyrslur>.

Jafnframt verður hægt að fylgjast með fundinum [í beinu streymi](#).

Þeir sem vilja bera upp spurningar geta sent þær á fjarfestatengsl@siminn.is og verður þeim svarað í lok fundarins.

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur 2026	12. mars 2026
Uppgjör 1F 2026	28. apríl 2026
Uppgjör 2F 2026	18. ágúst 2026
Uppgjör 3F 2026	27. október 2026
Ársuppgjör 2026	16. febrúar 2027
Aðalfundur 2027	11. mars 2027

Nánari upplýsingar um uppgjörið veita:

María Björk Einarsdóttir, forstjóri Símans (maria@siminn.is)

Hjörtur Þór Steindórsson, fjármálastjóri Símans (hjortur.steindorsson@siminn.is)

² Án áhrifa afskrifta á óefnislegum eignum vegna kaupa á félögum.